

Ár 1912, mánudaginn 9. september.

Nr. 22/1911

O. M. Rönnevig fyrir hönd
Cornelius Odland
gegn

Clement Clementsen
fyrir hönd eigenda og skips-
hafnar skipsins Ruth.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Clement Clementsen skipstjóri fyrir hönd eigenda fiskiskipsins »Ruth« frá Færeyjum, og skipshafnar sama skips, fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn O. M. Rönnevig skipstjóra, fyrir hönd eigenda gufuskipsins »Falken« frá Haugasundi, Cornelius Odland, til greiðslu á 40565 kr. 15 aur. í skaðabætur. Lauk málinu svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 12. nóvbr. 1910, að nefndur O. M. Rönnevig, fyrir hönd Cornelius Odland, var dæmdur til að greiða stefnda vegna eigenda »Ruths« og skipshafnarinnar 26420 kr. 95 aura og 200 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir nú yfirréttarmálaflutningsmaður Lárus Fjeldsted, f. h. eigenda gufuskipsins Falken, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 8. maí f. á., og hefir hann krafist þess, að gestaréttardóminum verði breytt þannig, að áfryjandinn verði ekki dæmdur til að greiða stefnda hærri skaðabætur en 15210 kr. 85 aura. Stefndi hefir gagnáfryjað málinu með stefnu dags. 21. desember f. á., og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til greina, þannig að áfryjandi verði dæmdur til að greiða sér 40565 kr. 15 aura, auk 5⁰/₁₀

vaxta af upphæðinni frá 1. janúar 1909 eða til vara frá dagsetningu yfirdómsstefnunnar, og 1000 kr. í málskostnað, eða til vara að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi dæmdur í 500 kr. málskostnað fyrir yfirdómi.

Mál þetta er svo tilkomið, að laugardagsmorguninn hinn 30. maí 1908 sigldi fiskigufuskipið »Falken« frá Haugasundi á fiskiskútuna »Ruth« frá Færeyjum fram undan Snæfellsjökli. Við ásiglinguna braut »Falken« »Ruth« svo, að hún sökk eftir örlitla stund, með öllu sem innanborðs var, nema mönnum var bjargað. Flutti »Falken« skipshöfnina af »Ruth« til Keykjavíkur. Dvaldist skipshöfnin þar 4 daga, en skipstjórinn varð eftir og dvaldi hann alls í Reykjavík 29 daga. Til tryggingar skaðabótakröfu sinni á hendur eigenda »Falken« lét stefndi leggja löghald á skipið og fór löghaldsgjörðin fram hér í Reykjavík 2. júní s. á., en með stefnu dags. 9. s. m., höfðaði svo stefndi mál þetta til staðfestingar löghaldsgjörðinni og til þess að fá eiganda skipsins dæmdan til að greiða umkraðar skaðabætur, kr. 40.565.15.

Í máli þessu eru málsaðilar á eitt sáttir um það, að áfrýjanda sé skylt að greiða stefnda bætur fyrir tjón það, sem hlotist hafi beint af ásiglingunni, með því »Falken« hafi átt sök á ásiglingunni, en um hitt kemur málsaðilum ekki saman, hve mikið tjón »Ruths« hafi verið. Verður því að athuga ñvern lið skaðabótakröfunnar fyrir sig, eftir því sem komið er fram undir rekstri málsins.

I. Stefndi hefir krafist 15000 kr. bóta fyrir skipið með rá og reiða. Áfrýjandi mótmælir því, að skipið hafi verið svo mikils virði. En með virðingargjörð framkvæmdri 11. jan. 1908, af virðingarmanni váttryggjanda skipsins,

var það metið 15000 kr. virði, og má með þeirri virðingargjörð, sem staðfest hefir verið með eiði í sambandi við eiðfesta álitsgjörð tveggja annara kunnugra manna um verð á skipinu, sem þeir álíta að hafi verið rétt metið 14500 kr., telja fengna nægilega sönnun fyrir því, að skipið hafi verið 14500 kr. virði er það fórst. Verður þá 1. liður skaðabótanna, eins og dómurinn hefir ákveðið hann, færður niður um 500 kr.

II. Þá hefir stefndi krafist bóta fyrir útbúnað skipsins, vistaförða o. fl., er á skipinu var þegar það sökk. Hefir hann talið verðmæti þetta 4230 kr. 05 a., þegar skipið lagði út til fiskiveiða hingað til lands í byrjun maímánaðar 1908, en þá var það útbúið til fiskiveiða hér við land til 5 mánaða. Telur stefndi svo til, að draga megi 700 kr. frá fyrir því, sem eytt hafi verið handa skipshöfninni og eyðst hafi á annan hátt þann tæpa mánaðartíma, sem leið frá því skipið lagði á stað, þar til það sökk. Hefir því stefndi gjört kröfu til 4230 kr. 05 au. ÷ 700 kr. eða 3530 kr. 05 au.

Eigendur skipsins hafa í málinu lagt fram skrá yfir muni þá, þessum lið tilheyrandi, sem fylgt hafi skipinu er það lagði út á fiskiveiðar, og hafa þeir talið þá muni 4256 kr. 05 au. virði. Ennfremur hefir sú skrá verið yfirfarin af kunnugum mönnum, dómkvöddum þar til í Færeyjum, og hafa þeir eiðfest það álit sitt, að sá útbúnaður og sá vistaförð, sem nefnd skrá greinir, sé hæfilegur og hið tilgreinda verð sanngjarnt. Að eins álíta þeir, að komast hefði mátt af með nokkru minna af sykri til útgerðarinnar en skráin sýnir, og nemur sá munur að eins 26 kr. Hefir stefndi í samræmi við þetta lagt upphæðina 4230 kr. 05 au. til grundvallar kröfu sinni. Fyrir

undirrétti hefir aðaláfrjandi ekki mótmælt því, að virði þess, er þegar hefir verið eytt af forðanum, er skipið sökk, sé sanngjarnlega ákveðið af stefnda 700 kr. Hér fyrir réttinum hefir hann haldið því fram, að þetta sé of lágt metið; réttara sé að telja, að $\frac{1}{5}$ hluti af forðanum hafi eyðst frá því er skipið lagði út þar til það sökk, og auk þess beri að draga 200—300 krónur frá fyrir það, hversu miklu meira sé eytt af vistaförða skipsins meðan ekki sé farið að fiska, en þessar aðfinslur verða, sem ofseint framkomnar, ekki teknar til greina, enda virðast þær ekki á rökum bygðar.

Það ber því, svo sem í hinum áfrýjaða dómi, að taka kröfu stefnda undir þessum lið til greina með 3530 kr. 05 au.

III. Þá telur stefndi tjón það, sem skipverjar á »Ruth« hafi beðið, hafi numið 5572 kr. 20 au. Hafa skipverjar hver um sig gefið lista yfir hluti þá, er þeir hafi mist, og sett verð á; þessa skýrslu sína hafa þeir staðfest fyrir sjórétti í Færeyjum. Einnig hafa dómkvaddir menn í Færeyjum yfirfarið skrár skipverja um tapaða muni og verð á þeim, og hafa þeir metið svo, sem til útbúnaðar svo mörgum mönnum, sem á »Ruth« voru, til 5 mánaða fiskiveiða, þyrfti 5640 kr. Það er auðvitað, að ekki verður til þess ætlast, að skipverjar geti fært fullar sönnur á tjón sitt að þessu leyti, en á hinn bóginn virðist ekki við athugun hinna einstöku kröfuliða verða byggt algjörlega á skýrslu þeirra né á áliti hinna dómkvöddu manna. Þykir rétt að meta svo, að skipstjóri hafi mist 600 kr. virði, en hver annara skipverja til uppjafnaðar 200 kr. eða til samans kr. 3.600.00.

IV. Þá hefir stefndi krafist 3000 kr. skaðabóta fyrir missi afla þess, sem í skipinu var. Það eru að vísu

eðlilega ekki færðar fullar sönnur á það, hve mikill affi í skipinu hafi verið er það sökk, en eftir skýrslum skipstjóra og skipshafnar virðist mega byggja á því, að í skipinu hafi verið 9000 til 9500 tals af þorski og öðrum fiski, mikið þorskur, og verður að álíta, að svo mikill affi sé fullra 3000 kr. virði. Þessa kröfu ber því að taka til greina með 3000 kr., svo sem gjört er í hinum áfrýjaða dómi.

V. Stefndi hefir krafist endurgjalds á kostnaði við dvöl skipshafnarinnar af »Ruth« hér í bænum og heimsendingu, að upphæð 840 kr. 90 aura. Var aðaláfrýjandi í undirrétti dæmdur til að greiða þessa upphæð, og þar sem aðaláfrýjandi hefir ekki hér fyrir réttinum komið fram með neinar aðfinslur við þenna lið, ber að taka hann til greina.

VI. Enn krefst stefndi skaðabóta fyrir atvinnutjón skipverja, með því að þeir hafi allir orðið að bíða hér talsverðan tíma fyrst, sumir að vísu fengið atvinnu rétt eftir heimkomuna, sumir löngu seinna og sumir alls enga það sumar, og enginn þeirra hafi fengið eins góða atvinnu og á »Ruth«.

Það er sjálfgefið, að eigi eru færðar sönnur á það, að skipverjar hafi þurft að bíða alt það atvinnutjón, sem krafist er bóta fyrir og nemur 7922 kr., enda virðist ekki eiga að taka svo víðtæka skaðabótakröfu til greina, né þurfa að rannsaka hana nánara. Þær einar skaðabætur, sem hér koma til greina, eru atvinnumissir skipshafnarinnar fyrir tímann frá því skipið sökk og þangað til skipverjar voru komnir heim. Þykir rétt að meta þessar bætur þannig: handa skipstjóra 150 kr. og fyrir hvern annan háseta 30 kr. eða handa skipshöfninni allri, að skipstjóra meðtöldum, 600 kr.

VII. Loks krefst gagnáfrýjandi 4700 kr. til handa eigenda skipsins »Ruth« fyrir ábatamissi eða arðstjón. Þessa kröfu þykir ekki næg ástæða til að taka til greina.

Þá hefir gagnáfrýjandi krafist 5% vaxta af skaðabóta-kröfu sinni frá 1. jan. 1909 eða til vara frá dagsetningu yfirdómsstefnunnar.

En krafan um vexti af skaðabóta-upphæðinni var í hinum áfrýjaða dómi réttilega talin of seint framkomin og því ekki tekin til greina, og getur hún þá ekki heldur að neinu leyti komist að fyrir yfirdómi, gegn mót-mælum aðaláfrýjanda.

Ákvæði undirdómsins um málskostnað staðfestast, og í málskostnað fyrir yfirdómi ber aðaláfrýjandanum að greiða stefnda 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandinn O. M. Rönnevig, f. h. Cornelius Odland, greiði gagnáfrýjanda Clement Clementsen, vegna eigenda og skipshafnar fiskiskipsins »Ruth«, 14.500 kr. + 3.530 kr. 05 au. + 3.600 kr. + 3000 kr. + 840 kr. 90 au. + 600 kr. eða samtals 26.070 kr. 95 au.

Svo greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi 300 kr.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.